

# Molar



## Kirkjuferð

Farið verður í Grensás-  
kirkju 16. desember  
klukkan 10.30.

Jólamatur verður borinn á  
borð eftir kirkjuferð.



## Pakkadagur

Þann 22. desember verður  
pakkadagur í Lækjarási.  
Þeir sem vilja taka þátt  
þurfa að skila pökkum í  
síðasta lagi 21. desember.



## Fjölmiðlklúbbinn í ár skipa

Auðunn, María, Guðný, Sverrir, Halla og  
Bjarni.



Lækjarás, dagþjónusta

Stjórnugróf 7, 108 R.vík

Sími: 414-0560

Netfang: laekjaras@styrktarfelag.is



# Lækjaráspósturinn

5.tbl.


Desember 2010

4.árg.

## Jólafondur

Í desember í fyrra gafst öllum í  
Lækjarási kostur á að búa til  
kærleikshjörtu sem tengd voru  
saman í eina lengju á vegg í  
matsalnum. Þetta vakti mikla  
lukku og ætlum við því að  
endurtaka leikinn.

Í ár munu allir fá tækifæri til að  
búa til sína eigin stjörnu og  
þannig útbúa sameiginlegt  
listaverk í matsalnum.



## Fjölmiðlklúbbur á faraldsfæti !

Þann 11. nóvember fór fjöl-  
miðlklúbburinn í heimsókn á  
Skrifstofu Ás Styrktarfélags og  
afhenti þeim eintak af fyrsta  
Lækjaráspósti vetrarins.



Sverrir og Halla tóku saman

## Jólasaga úr Flatey



Þegar ég var lítill, sátum við öll í stofunni og hlustuðum á messuna. Mamma sagði okkur að spenna greipar og lesa bænirnar.

Einu sinni fór ég út og sullaði í pollum, þá kallaði mamma: “Komdu litli vinur”. Ég fór úr stígvélunum og hellti úr þeim vatni. Mamma klæddi mig úr fötunum og svo komu jólin. Hún puntaði mig upp í mat-rósarföt.

Ég fékk hest og skip í jólagjöf. Við fengum jólamatinn sendan frá Stykkis-hólmi og það var lambasteik.

Það voru jólaböll í Flatey, í samkomu-húsinu. Það kom enginn jólasveinn en það var dansað í kringum jólatré. Frændi minn spilaði á harmóníku. Þetta voru skemmti-leg jólaböll.

Á næstu jólum var ég indæll og hættur að sulla í pollum.



Höfundur: Auðunn Gestsson

## Viðtalið

María: Hvað ætlið þið í Setrinu að gera í desember ?

Nína: Við ætlum að byrja á því að skreyta í Setrinu. Síðan ætlum að bjóða öllum á Lækjarási í heitt súkkulaði með rjóma og smákökur. Við ætlum líka að fara í kirkju og borða jólamat á eftir.

María: Hvað hefur þú á aðfangadag heima hjá þér?

Nína: Við hjónin byrjum á því að fá okkur kaffi og smákökur saman. Við höfum sherry, konfekt og mandarínur til að bjóða þeim sem koma að heim-sækja okkur yfir daginn. Svo förum við að huga að matnum um kvöldið. Við höfum yfirleitt engan mat í hádeginu en förum hins vegar að undirbúa kvöldmatinn. Það er rækjukokteill í forrétt og hamborgarhryggur í aðalrétt.

María: Og hvað er með honum ?

Nína: Það eru brúnaðar kartöflur, Waldorff salat, heimalagað rauðkál, svo höfum við oft súrar gúrkur, maís-baunir og rauðvínssósu.

María: Hvað á að vera í eftirrétt?

Nína: Það heitir Ris ala mande sem er möndlugrautur.

María: Hvað langar þig í jólagjöf?

Nína: Mig langar í bækur, svo langar mig í eitthvað sem ég get baðað mig úr og eitthvað sem ég get borðað og drukkið.



Viðtalið tók María Sveinbjörnsdóttir